



Stjórnarfundur Þekkingarsetursins á Blönduósi haldinn mánudaginn 10. apríl 2017 kl. 10:00

Dagskrá:

- 1. Staða mála í umsóknum og fleiru.**
- 2. Fundur stjórnar Þekkingarsetursins á Blönduósi og Textílfélags Íslands 29. mars sl.**
- 3. Önnur mál.**

Arnar setti fundi. Mætt á fundinn eru Arnar Þór Sævarsson, Katharina Schneider, Valgarð Hilmarsson og Þóra Sverrisdóttir sem ritar fundargerð.

- Katharina skýrði frá því að verið er að ganga frá umsókn í Uppbyggingarsjóð Norðurlands vestra. Sótt er um styrk að upphæð kr. 5.081.000 í verkefnið: Aukin samvinna skapandi greina á Norðurlandi vestra. Það eru misvísandi skilaboð að berast stofnunum hér á svæðinu varðandi hverjir geti fengið úthlutað styrkjum úr Uppbyggingarsjóðnum og virðist vera strangari túlkun á hæfi til styrkja heldur en í öðrum landshlutum.
Arnar skýrði frá fundi sem hann átti með ráðherra menntamála og starfsmönnum menntamálaráðuneytisins, Þórarni og Karítas, vegna áframhaldandi endurbóta húsnæðis á Kvennaskólalóðinni m.t.t. aukinnar þarfar þar sem starfsemi hefur vaxið og dafnað vel. Á fundinum kom fram mikil ánægja starfsmannanna með þá uppbyggingu og starfsemi Þekkingarsetursins og annarrar starfsemi í Kvennaskólanum.
- Farið var yfir sameiginlegan stjórnarfund sem haldinn var 29. mars sl. og vangaveltur í framhaldi af honum. Stjórn Þekkingarsetursins samþykkir fyrir sitt leyti að fresta ákvörðun um skipurit sem tekin var á þessum sameiginlega fundi og felur stjórnin Katharinu að endurskoða skipuritið sem lagt var fyrir þennan fund ásamt því að endurskoða fjárhagslegar forsendur upp á nýtt í samráði við Jóhönnu.
- Þóra ræddi um verkefnið Arctic Coast way og hvort Þekkingarsetrið ætti að hafa aðkomu að því á einhvern hátt. Katharina ætlar að skoða það.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 12:00

Þóra Sverrisdóttir